

Colas Ísland hf.
Gullhelli 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 1.11.2023
UST202303-325/F.T.
08.08.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun bærust niðurstöður útblástursmælingar vegna hreyfanlegrar malbikunarstöðvar Hlaðbæ-Colas hf., Ammann 2, þann 3. október 2023. Mælingin fór fram þann 21. september 2023 þegar stöðin var staðsett á Höfn í Hornafirði.

Frávikið er eftirfarandi:

1. **Gr. 3.5 í starfsleyfi.** Losunarmörk í útblæstri vegna kolmónoxíð (CO) eru 500 mg/Nm³. Mæligildi fyrir kolmónoxíð voru 821,22 mg/Nm³.

Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila er orsökinn spíss í brennara sem hentar ekki nægilega vel. Annar spíss hafi verið keyptur og skipt verði um í vetur. Stöðin verður ekki meira í notkun í ár. Önnur mæling verður tekin á næsta ári til að staðfesta að úrbæturnar hafi verið fullnægjandi.

Umhverfisstofnun samþykkir úrbótaáætlun rekstraraðila og gefur frest til 1. júní 2024 til þess að skila mælingarniðurstöðum sem sýna að úrbætur hafi verið fullnægjandi.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Gottskálf Friðgeirsson

Frigg Thorlacius
lögfræðingur